

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundarboð

6. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2020.
31. mars kl. 8:30 í gegnum Teams

Æfing fyrir skólaráð í að funda í gegnum fjarfund

Dagskrá

1. Skóladagatala 2020-2021.
2. Staðan í skólanum á tímum Covid-19
3. Staðan varðandi foreldrafund út af seinkun á skólabyrjun og húsnæðismálum skólans
4. Önnur mál

Fundargerð

Fundarstjóri og fundarritari: Þórgunnur Torfadóttir

Mættir: Kristín Hermannsdóttir, Sunna Guðmundsdóttir, Eva Rán Ragnarsdóttir, Björn Sigfinnsson, Heiður Sigurðardóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. **Skóladagatala 2020-2021.** Skóladagatal lagt fyrir og samþykkt. Fram kom að það væri æskilegt að skoða líka eins og einn frídag að hausti fyrir næsta skóladagatal og hugsanlega byrja umræðuna um skóladagatal fyrr.
2. **Staðan í skólanum á tímum Covid-19.** Þórgunnur fór yfir stöðuna í skólanum. 1. – 4. bekkur fær fulla kennslu, hjá 5. bekk fellur síðasti tími dagsins niður og 6. – 10. bekkur kemur annan hvern dag í skólann, hálfur bekkurinn í einu. Almennt gengur skólastarfið vel og ekkert mál hefur verið að halda nemendum aðgreindum. Það er aðeins flóknara með starfsmenn en allir eru að gera sitt besta. Þórgunnur lýsti yfir ánægju með að það skuli vera reynt að halda úti skólastarfi og styður að það verði gert eins lengi og hægt er. Eftir páska eru 7 kennsluvikur og 3 þeirra eru skerta.
3. **Staðan varðandi foreldrafund út af seinkun á skólabyrjun og húsnæðismálum skólans.** Stefnt er að því að halda þennan fund 16. apríl og hafa hann í streymi þannig að þeir sem eru heima og fylgjast með geti sent inn fyrirspurn. Rætt um að hafa skoðanakönnun meðal foreldra um seinkun á skólabyrjun að fundi loknum til að fá aðeins ljósari hugmynd um afstöðu foreldra.
4. **Önnur mál**
 - a. Spurt út í hvort það væri verið að rukka fyrir matinn hjá eldri nemendum en svo er ekki og þeir hafa fengið endurgreitt mat fyrir mars.
 - b. Ákveðið að taka næsta fund að loknum foreldrafundi í apríl.
 - c. Fundurinn var tekinn í Teams fjarfund og gekk vel en fámenni var þó á fundinum.